

Fundargerð 51. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 13. janúar 2010
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9.00-11.00.

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir (fundarritari), Gunnhildur Loftsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).
Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt
2. **Ritraðir stofnana.** Bókasafns- og upplýsingafræðingar þriggja stofnana, ásamt Hildi Gunnlaugsdóttur gæðastjóra Gegnis og Sigrúnu J. Marelsdóttur skrásetjara á Landsbókasafni, hafa sett saman leiðbeiningar og dæmi um skráningu ritraða stofnana í svið 490 og 8xx samkvæmt nýjum skráningarreglum RDA. Ákveðið var að birta leiðbeiningarnar og dæmin í Handbók skrásetjara.
3. **Blindrabókasafn, forkönnun.** Sigrún sagði frá forkönnun vegna mögulegrar þátttöku Blindrabókasafnsins í Gegni. Um er að ræða rafrænt efni eingöngu og er verið að skoða hvort hægt sé að tengja efni safnsins við færslur í Gegni eða hvort þarf að frumskrá það. Ekki er um eiginleg eintök að ræða því þetta eru hljóðskrár sem eru færðar yfir á geisladiska í hvert og eitt sinn og er þeim ekki skilað aftur til safnsins. Skráning þessa efnis er að þessu leiti ólíkt skráningu almenningubókasafna á hljóðskrár frá hlusta.is og Skólavefnum því þar eru búin til eintök sem fara í 15-30 daga útlán og er þar því um nýskráningu að ræða.
4. **Þýðing á RDA.** Mikilvægt er að þýða helstu hugtök í RDA áður en reglurnar verða teknar upp. Þar sem orðanefnd Upplýsingar hefur verið lögð niður var ákveðið að senda fyrirspurn á Skruddu.
5. **Skráningarheimildir.** Rætt var hvort ástæða sé til að endurskoða reglur um skráningarheimild og reglur um afturköllun skráningarheimildar. Ákveðið var að gera það ekki að þessu sinni.

Önnur mál.

Birting á rafrænu efni í Gegni. Sigrún sagði frá vinnu vegna rafræns efnis í gegnir.is:

- a. Auðkenningu rafræns efnis í Gegni sem hjálp svo kallaðra "Expandar"
- b. Birtingu rafræns efnis í niðurstöðulista með sérstöku íkoni
- c. Afmörkun rafræns efnis

Starfsmenn Landskerfis hafa bókasafna undanfarna mánuði þreifað sig áfram við að nota svokölluð "Expönd" til þess að geta takmarkað efni við önnur atriði heldur en bókfræðiformat. Rafræna efnið er takmarkað við upplýsingar úr 856 sviðinu.

Núna er staðan þannig að íkon birtist fyrir rafrænt efni í niðurstöðulista óháð bókfræðiformati. Það veldur því að efni tynist sem er bæði til rafrænt og prentað eða

rafrænt og hljóðbók o.s.frv. Rafræna efnið er sýnilegt en en "önnur bókfræðiformöt" týnast. Það var álit fundarmanna að finna þarf betri lausn á þessu því þó það sé mikilvægt fyrir notandann að vita að hægt sé að nálgast efnið rafrænt þá er jafnframt mikilvægt fyrir hann að vita að hægt sé að nálgast það á öðru formi (prent, geisladisk, o.s.frv.). Sigrún og starfsmenn Landskerfis vinna áfram að þessu en verið er að skoða núna hvort hægt sé að birta bæði prent og rafrænt efni sömu færslu í niðurstöðulista.

Fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 10. mars. Ákveðið var að halda lesfund um RDA miðvikudaginn 3. febrúar kl. 13 í Þjóðarbókhöðu.